



Alþingi
Erindi nr. P 133/79
komudagur 8.11.2006

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi félagsmálanefnd

Reykjavík 6. nóvember 2006

Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

0610334SA SÓK
Tilv.: 185

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um lögheimili og skipulags- og byggingarlög

Með bréfi félagsmálanefndar Alþingis, dags. 19. október sl., fékk Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar frumvarp til laga um lögheimili og skipulags- og byggingarlög, 220. mál, óheimil skráning lögheimilis í frístundabyggð.

Í meginatriðum er sambandið sátt við efni frumvarpsins en gerir þó eftirfarandi athugasemdir:

Annars vegar telur sambandið að óþarflega langur tími sé gefinn til að skrá lögheimili í frístundabyggð á grundvelli núgildandi laga. Miðað er við það í frumvarpinu að skráning lögheimilis í frístundabyggð, sem færð hefur verið í Þjóðskrá fyrir 1. janúar 2007 eða tilkynnt hefur verið til Þjóðskrár um flutning lögheimilis fyrir 1. janúar 2007, haldi gildi sínu, sbr. 2. og 5. gr. frumvarpsins. Sambandið telur þennan frest óþarflega langan og eðlilegt væri að miða þessar tímasetningar við gildistöku laganna.

Hins vegar gerir sambandið athugasemd við það að samkvæmt athugasemdum með frumvarpinu er réttur til skráningar lögheimilis bundinn við það hús sem um ræðir en ekki þá einstaklinga sem þar hafa skráð lögheimili 1. janúar 2007. Í athugasemdum með frumvarpinu segir að nauðsynlegt sé að gera ráð fyrir að aðrir en eigandi húsnæðis eða núverandi íbúi eigi þess kost að skrá þar lögheimili í framtíðinni, svo sem maki og eða börn viðkomandi. Þá kemur fram að þess sé tæplega að vænta að um mörg slík tilvik verði að ræða.

Þetta hefur í för með sér að sveitarfélögin sitja um alla framtíð uppi með afleiðingar skráningar lögheimila sem eiga sér stað fyrir 1. janúar 2007. Skráning lögheimilis fyrir þann tíma, í húsum í skipulagðri frístundabyggð, leiðir til þess að ávallt verður heimilt að skrá lögheimili í þessum húsum jafnvel þó þau verði seld aðilum alls óskyldum þeim sem nú búa í húsunum og eiga þar lögheimili.

Sambandið er sammála því að nauðsynlegt sé að aðrir en eigandi, svo sem maki eða börn, geti skráð lögheimili sitt í húsnæðinu. Sambandið gerir ráð fyrir að það séu þeirra hagsmunir, þ.e. hagsmunir væntanlegra maka og barna, sem frumvarpshöfundar hafi ætlað að vernda. Sambandið telur hins vegar of langt gengið og að því markmiði megi ná með öðrum hætti en að lögheimilisskráning sé heimil í viðkomandi húsum um alla framtíð.



Raunar er orðalag 2. gr. frumvarpsins ekki mjög skýrt hvað þetta varðar. Jafnvel er hægt að skilja þann texta þannig að þar sé eingöngu átt við þá skráningu sem átt hefur sér stað fyrir 1. janúar 2007. Því sé skráning lögheimilis í skipulagðri frístundabyggð sem fram fer eftir það tímamark óheimil þótt óskað sé skráningar í húsnæði sem fellur undir þetta ákvæði og um sé að ræða maka eða börn þess sem á þar skráð lögheimili. Þessi skilningur frumvarpshöfunda kemur einkum fram í 1. kafla frumvarpsins.

Hugsanlegt er að ná megi fram breyttum skilningi á ákvæði 2. gr. frumvarpsins með skýrri umfjöllun í nefndaráliti félagsmálanefndar Alþingis. Að öðrum kosti telur sambandið rétt að gera breytingar á frumvarpinu þannig að einungis þeir hagsmunir sem til stóð að vernda verði verndaðir. Það mætti t.d. gera með því að bæta við 2. gr. frumvarpsins svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

„Þá er fjölskyldumeðlimum þeirra sem eiga skráð lögheimili í framangreindu húsnæði jafnframt heimil skráning lögheimilis í húsnæðinu.“

Með þessu móti má ná fram því markmiði að skráning lögheimilis í frístundabyggð sem gerð hefur verið fyrir gildistöku frumvarpsins gangi til baka á löngum tíma án þess að raska hagsmunum þeirra sem slíka skráningu hafa fengið eða fjölskyldna þeirra.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Sigurður Óli Kolbeinsson
sviðsstjóri lögfræðisviðs